



2. Kennari sem hefur skilað merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr

Ragnheiður Hermannsdóttir er fædd í Reykjavík 15. maí 1949. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands árið 1971 og sérkennaranámi frá Kennaraháskólanum árið 1981.

Haustið 1971 hóf Ragnheiður störf við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands, nú Háteigsskóla. Hún hefur starfað óslitið við skólann fram á þennan dag og er því að ljúka sínu 39. starfsári um þessar mundir. Ragnheiður hefur sótt fjölmörg námskeið og tekið þátt í þróunarstarfi til að efla starfshæfni sína og styrk skólans.

Ragnheiður hefur lengst af gegnt starfi umsjónarkennara í yngstu bekkjum skólans. Hún hefur verið einstaklega farsæll kennari, sívökul í starfi með velferð nemenda að leiðarljósi. Alla tíð hefur Ragnheiður verið skapandi í kennslu og viðhaldið lifandi áhuga á börnum og kennslustarfinu. Hún hefur kostað kapps um að halda virku samstarfi við foreldra barnanna sem hún kennir og hlusta á sjónarmið þeirra.

Farsæld Ragnheiðar sem kennara hefur ekki síst stafað af fróðleiksþrá hennar og brennandi áhuga á þroska og sálarheill nemenda. Störf hennar hafa einkennst af sköpunargleði og frumkvæði.

Ragnheiður hefur lagt áherslu á fjölbreytta kennsluhætti sem hvetja nemendur til frumkvæðis og sköpunar ásamt sjálfsaga og vandvirkni í hvívetna. Þessa fjölbreytni má sjá endurspeglast í því námsefni sem hún er höfundur að ásamt fleirum. Þar er kostað kapps um kenna nemendum að þekkja sjálfa sig og umhverfi sitt, með því að veita þeim tækifæri til að skoða, uppgötva og leita lausna á þroskandi viðfangsefnum.

Ragnheiður miðlaði um árabíl kennaranemum af reynslu sinni og hæfni og einnig hefur hún veitt starfandi kennurum víðsvegar um land hlutdeild í list sinni og galdri sem hún býr yfir sem kennari.

Ragnheiður hefur verið eftirsóttur samstarfsfélagi; hún er ósérhlífín og örlát.

Um starfsævina hefur Ragnheiður búið fjölmörgum börnum þroskavænlegt umhverfi og stuðlað að lífshamingju þeirra og velferð.